

Alþýðan situr sveitt og svarar spurningum:

STREITA OG VINNUÁLAG IÐNAÐARMANNA SKOÐAÐ

Þessa dagana sitja fjölmargir iðnaðarmenn sveittir yfir spurningalista sem þeir hafa fengið senda til útfyllingar. Eru það bifvélavirkjar, málárar, járníðnaðarmenn og smiðir af höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Spurningarnar eru 73 talsins og fjalla um vinnu viðkomandi, aðbúnað, heilsufar og fleira. Það er 10 manna hópur íslenskra námsmanna, sem flestir eru búsettir í Árósum í Danmörku, sem stendur að þessari könnun, í samvinnu við nokkur verkálýðsfélög. Þeir kalla sig Vinnuverndarhópinn og segjast vilja kanna vinnuálag, óheilmæm starfsskilyrði, mengun á vinnustað og streitu: með öðrum orðum samhengi aldurs, vinnuálags og vinnuslits.

Kostnaður við könnunina er áætlaður 400 þús. krónur. Áherzla verður lögð á að vinna af krafti úr gögnunum þannig að lokaniðurstöður liggi fyrir ekki síðar en 9 mánuðum eftir að tölvuvinnsla hefst. Niðurstöður forvinnslu könnunarinnar verða gefnar út í bæklingi formi en heildarniðurstaðurnar síðar í bók.

Gylfi Páll Hersir jarðeðlisfræðingur, einn úr Vinnuverndarhópnum, sagði í samtali við Dagblaðið að útfylltir spurningalistar væru þegar farnir að

berast frá þeim er fengu þá senda. Hann beindi þeirri áskorun til hinna, er

ekki hafa sent sína lista, að gera það hið fyrsta til að tilgangi könnunarinnar

væri náð. Hann vildi líka, að gefnu til efni, taka sérstaklega fram að fullkom-

in nafnleynd ríkti í gerð könnunarinnar.

- ARH

— í könnun sem námsmenn og verkálýðsfélög standa að í sameiningu

Sinueldar og reykjarbólstrar huldu Suðurland



Suðurlandsundirlendið var nánast „logandi“ af sinueldum fyrir helgi. Voru stórir reykjarbólstrar víða og á milli huldi reykur útsýni með jörðu. Á slíkum sinueldadögum er oft torvelt yfirferðar um vegi á stórum köflum.

Litlu munaði að stórtjón yrði af eldum sem brunnu í sveitum á föstudag. Þannig tókst á síðustu stundu að forða því að eldur kæmist í hlöðu að Laugar- dælum er verið var að brenna sinu eða rusli.

Krakkar á Selfossi smituðust af reykjarbólstrunum í fjarska, tóku að kveikja í sinu í grasköntum og þurftu lögregla og slökkvilið til að koma er slíkir eldar bárust inn á lóðir við hús.

- A.St.



Slökkviliðið í Reykjavík hefur orðið að sinna sinubrunum þegar þeir magnast um of og lögregla þarf víða að taka til hendinni. Aldrei verður um of varað við því að fara með gát þegar sinu er brennd.

DB-mynd S.

ATLI RÚNAR
HALLDÓRSSON


KLÆÐIN SKULU STÁSSLEG Um sýningu Textílfélagsins í Listasafni Alþýðu

Það þarf varla að hafa mörg orð um hinn mikla uppgang alls kyns veflista á Íslandi undanfarinn áratug. Um hann vitnar meðlimafjöldi Textílfélagsins (er ekki einfaldlega ægt að kalla félagið Veflist?) sem efur innan sinna vébanda 29 manns, tal sýningar heima og erlendis og kki sist sú fjölbreytni og þroski sem greina má í verkum þeirra sem orðnir eru sjóaðir í greininni. Listafolk á borð við Ásgerði Búadóttur, Guðrúnu Gunnarsdóttur, Hildi Hákonardóttur og fleiri getur kinnroðalaust tekið sér stöðu við hlið helstu veflistarmanna á Norðurlöndum.


Því er ekki nema sjálfsögð kurteisi að fagna annarri félagssýningu Textílfélagsins (stofnað 1974) sem væntanlega stendur enn yfir í hinum glæsilega sýningarsal Listasafns alþýðu við Grensásveg.

Hið íslenska í vefnunum

Þar sýna 22 veflistarkonur 64 verk:



Þorbjörg Þórðardóttir — Klettaráni, handspunninn hör & ull.



Sigríður Jóhannsdóttir & Leifur Breiðfjörð — Metamorphoses. (DB-myndir Sig. Þorri)

ullarvefnað, taubrykk, myndvefnað, fatahönnun, þrjón og skúlptúra og sýningunni fylgir falleg skrá á þrem tungum sem jafnframt er upplýsingarit um meðlimi félagsins.

Menn gera stundum að gamni sínu að lýsa heildaráhrifum þeim sem þeir verða fyrir af samsýningum sem þessari, einkum og sérílagi ef í hlut á harður kjarni listafólks í einhverri grein. Sjálfur ætti ég í stökustu vandræðum væri mér uppálagt að hafa upp á þjóðlegum einkennum verkanna á þessari sýningu, hinu íslenska í vefnunum, og út frá stílfræðilegu sjónarmiði er ég líka efins um að hægt sé að skoða hana í einhvers konar norrænu samhengi. Ef eitt-hvað er, er sýningin býsna alþjóðleg, enda hjó ég eftir því að listakonurnar eru ekki aðeins menntaðar í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi, heldur einnig í Skotlandi, á Spáni, í Kanada og Mexíkó.


Og ég held að þetta sé heilbrigð þróun sem ætti að koma í veg fyrir alla útkjálkamennsku í veflistinni.

Hvar er metnaðurinn?

Annað af þessari sýningu er það að segja að tæknilega er hún nær óaðfinnanleg. Það sem listakonurnar takast á hendur leysa þær skammtaust. Hins vegar fannst mér þær alls ekki nógu stórtækar, metnaðarfullar, nýjungagjarnar, og hér á ég bæði við höfunda myndverka og klæða.

Í stað þess að prófa sig áfram með ný efni, ný viðhorf, nýjar stærðir og nota út í ystu æsar snertigildi efnisins

(og kannski læra af austantjaldsbjóðum) þá er verið að gera rómantískar smámyndir, þrjóna svolitla pottaleppa og innramma þá, nostra við blúndur og pífur. Þar sem einhver nýsköpun er fyrir hendi, t.d. í verkum Guðrúnar Marínósdóttur, Rögnu Róbertsdóttur, Salóme Fannberg, Sigurlaugar Jóhannsdóttur og Steinunnar Pálsdóttur, þar er eins og listakonurnar gæti sín um of, treysti sér ekki til að leiða verk sín til lykta á lógískan hátt þótt það þýði áhættuspil.




Valgerður Erlendsdóttir — Vorhugur, ull

Ný rómantík

En innan þeirra takmarka sem listakonurnar setja sér, má vissulega njóta handbragðs þeirra. Aðalheiður Skarphéðinsdóttir er t.d. ný stærð í taubrykki og hefur til að bera talsvert kapp sem vel nýtist. Fast á hæla henni fylgir Ina Salóme Hallgrímsdóttir, sömuleiðis ný og bráðefnileg í greininni.

Gengi vefmynda Ásgerðar Búadóttur fellur varla í bráð, þó hefði ég viljað sjá fleiri ný og stór verk eftir hana. Guðrún Gunnarsdóttir gerir einnig vönduð verk með þeim hætti sem hún er vön og það er auðvelt að falla fyrir sjarma og nýrómantík mynda Hildar Hákonardóttur. Hin stranga geometría í myndum þeirra Sigríðar og Leifs Breiðfjörð hvílir augað, en mundi sennilega hvíla alla sálarkirnuna ef verkin væru meiri um sig. Og gjarnan vildi ég klæða dætur mínar í fót Sigrúnar Jóhannsdóttur (Sifu).

- AI



Steinunn Pálsdóttir ásamt verki sínu Spegilmynd, úr næloni og kopar.

Myndlist

ADALSTEINN
INGÓLFSSON

